

Lagt fyrir fund velferðarráðs 1. október 2025

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands um breytingar á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning vegna breytinga á tekjumarki húsnæðisbóta

Velferðarráð felur velferðarsviði að undirbúa breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning þannig að breytingar á tekjumörkum í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði sjálfkrafa uppfærðar við breytingar á hækkun tekjumarka samkvæmt reglugerð um húsnæðisbætur. Breytingin á reglunum verði lögð fyrir velferðarráð.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg hefur hækkað tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings til samræmis við hækkanir á tekjumörkum húsnæðisbóta (reglugerð nr. 1200/2016). Hingað til hefur slík ákvörðun verið lögð fram til samþykktar velferðarráðs. Með þessari breytingu er verið að tryggja að samræmingin á tekjumörkum eigi sér stað án þess að velferðarráð þurfi sérstaklega að staðfesta uppfærsluna. Rétt er að taka fram að þrátt fyrir þessa breytingu er velferðarráði ávallt heimilt að leggja fram tillögur að aukinni hækkun tekjumarka. Tryggt verði að breytingar eigi sér stað afturvirkkt ef slíkt á við, til samræmis við breytingar á reglugerð en með þessari tillögu er verið að bregðast við því að þegar breytingar eiga sér stað hjá ríki, eigi þær sér einnig stað hjá Reykjavíkurborg samtímis. Með þessu móti hækkar tekjumark í reglum Reykjavíkurborgar jafnhliða því sem ráðuneytið hækkar viðmiðin í sinni reglugerð.